



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

LÍFF3DÝ05

Dýrafræði

Kennarar:	Brynja Valgeirsdóttir (BV), brynjav@fsu.is
-----------	---

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að nemendur kynnist dýraríkinu og dýrafræði með áherslu á spendýr og fugla sem lifa á og við Ísland. Farið er yfir grunnatriði í flokkunarfræði þessara dýra. Líkamsgerð og lífsstarfsemi skoðuð svo og þróunarlegur skyldleiki og atferli. Nánari afmörkun viðfangsefnisins, s.s. hvaða dýrategundum eru gerð best skil, er ákveðin af viðkomandi skóla. Verklegar æfingar og vettvangsferðir eru þáttur í náminu.

Undanfari: LÍFF2EL05.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu hugtökum dýrafræðinnar og aðferðarfræði dýrafræðirannsókna
- sérstöðu fugla og spendýra á Íslandi og sjálfbærri nýtingu á stofnum þessara dýra
- líffræðilegum fjölbreytileika og helstu rökum fyrir verndun fugla og spendýra á og við Ísland

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa upplýsingar um fugla og spendýr úr máli og myndum
- beita hugtökum dýrafræðinnar í rökrænu samhengi
- fjalla um álitamál sem varða dýr í íslenskri náttúru í víðum skilningi
- greina algengustu tegundir fugla og spendýra úti í náttúrunni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka ábyrga og rökstudda afstöðu til dægurmála tengdum fuglum og spendýrum á Íslandi
- geti tengt undirstöðu þekkingar í dýrafræði við daglegt líf og sjái notagildi hennar
- fjalla um dýrafræði á gagnrýninn hátt og velt fyrir sér ólíkum sjónarmiðum og lausnum
- afla sér frekari upplýsinga og þekkingar á dýrafræðilegum viðfangsefnum

Námsefni:

Fuglávísir eftir Jóhann Óla Hilmarsson, útg. 2011.

Ítarefni frá kennara um íslensk spendýr og fugla.

Fræðslumyndir.

Athugið hvort til séu heima hjá ykkur bækur sem fjalla um spendýr eða fugla.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni (kennslubók)	Námsmat / Annað
3.	15/1 - 19/1	Kynning á áfanganum.	
4.	20/1 - 26/1	Yfirlit yfir flokkun dýra og stöðu spendýra og fugla í flokkunarkerfinu.	
5.	27/1 – 2/2	Rannsóknarstofnanir. Yfirlit yfir flokkun dýra og stöðu spendýra og fugla í flokkunarkerfinu.	
6.	3/2 – 9/2	Almennt um íslensk spendýr. Refur (tófa) og lifnaðarhættir hans.	
7.	10/2 – 16/2	Minkurinn og lifnaðarhættir hans. Hvítabirnir á Íslandi	<i>Vorfrí 14. febrúar</i>
8.	17/2 – 23/2	Hreindýr, lifnaðarhættir og útbreiðslusaga. Hreindýraveiðar og rannsóknir.	
9.	24/2 – 2/3	Mýs og rottur, lifnaðarhættir og útbreiðslusaga. Leðurblökukomur til Íslands.	<i>Miðannarmat 28. febrúar</i>
10.	3/3 – 9/3	Hvalategundir við Ísland. Rannsóknir á hvölum og hvalveiðar.	Stórt verkefni úr spendýrahluta
11.	10/3 – 16/3	Íslenskir selir og farselir við Ísland.	
12.	17/3 – 23/3	Almennt um fugla. Líkamsgerð fugla, varp og varphættir.	<i>Kátir dagar og Flóafár 19.-21. mars</i>
13.	24/3 – 30/3	Hátterni og farferðir fugla. Flokkun fugla.	
14.	31/3 – 6/4	Íslenskir fuglar og sérkenni fuglafánu Íslands.	
15.	7/4 – 13/4	Brúsar, goðar, fýlingar, sæsvölur, súlur og skarfar.	
16.	14/4 – 20/4	Páskafrí 14. apríl – 21. Apríl	
17.	21/4 – 27/4	Andfuglar (endur, áltir og gæsir).	<i>Sumardagurinn fyrsti 24. apríl</i>
18.	28/4 – 4/5	Ránfuglar, rjúpa, rellur og vaðfuglar.	<i>Verkalýðsdagurinn 1. maí</i>
19.	5/5 – 11/5	Máfar, kjóar og þernur. Spörfuglar.	Greiningapróf úr fuglahluta
20.	12/5 – 18/5	Flækingsfuglar á Íslandi og helstu ástæður hrakninga.	<i>Síðasti kennsludagur 15. maí</i>
21.	19/5 – 25/5	Námsmatsdagar eru frá 16. maí – 20. maí	<i>Prófsýning 21. maí</i>

Námsmat:

Kennslan byggist á verkefnavinnu, fyrirlestrum, verklegum tímum og einu greiningarprófi og tekur námsmat mið af því.

<i>Námsþáttur</i>	<i>Lýsing á námsmati</i>	<i>Vægi</i>
Spendýr – stórt verkefni	Rökræðuverkefni.	20 %
Fuglar – greiningapróf	Prófið byggir á því að þekkja íslenska fugla og geta greint þá til tegunda.	20 %
Krossar	Krossaspurningar úr spendýra- og fuglahluta.	25 %
Annað	Ritunarverkefni, kynningar og fleira.	35 %
<i>Samtals</i>		<i>100%</i>

Sérreglur áfangans og aðrar upplýsingar

Viðvera í tímum. Ef nemandi fer úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Notkun tölvu/síma við námið er mikilvæg alla önnina, en notkun tölvu eða síma í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Fjarvist verður gefin **án aðvörunar** ef kennari verður var við það að sími/tölva er notuð í annað en það sem við kemur námi. **Nemendur 20 ára og eldri** skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Nemendur verða að leggja sjálfir út fyrir kostnaði vegna vettvagnsferða.

Nánari útfærsla er á kennsluvef áfangans í Innu. Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

Selfossi, 7. janúar 2025
Brynja Valgeirsdóttir